

86
31. okt.

Skólastjóri kennaraskólans.
Skólastjórar bændaskólanna.
Fræðslumálastjóri.
Landsbókavörðnr.
Ríkisskjalavörður.
Þjóðmenjavörður.

Síðasta málsgrein 3. greinar, önnur málsgrein 4. greinar, fjórða málsgrein 5. greinar, orðin í annari málsgrein 9. greinar, sem byrja með »og á þær« og það sem eftir er af málsgreininni, svo og öll 4. málsgrein falli burt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík 31. október 1921.

Pjetur Jónsson.

S. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 4. nóv. 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

87
4. nóv.

fyrir

„Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum“.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður með 2000 kr. gjöf hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, skal bera nafn þeirra þannig, að hann heiti »Minningarsjóður hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum«.

2. gr.

Ofannefnd gjöf er nú þegar lögð inn á Sparisjóð Ólafsvíkur undir ofanskráðu nafni.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann fyrst um sinn ávaxtast þangað til vextir eru orðnir 100 kr. í árlega vexti.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að hann gefur af sjer 100 kr. í árlega vexti, má verja úr honum 50 kr. á ári, unz ársvextir verða 150 kr., þá 100 krónum, og er þeir hafa náð 200 kr., þá 150 kr. o. s. frv., til þess að hjálpa sorgmæddum og fátækum, sem mist hafa föður eða móður, eiginmann eða eiginkonu, uppkomin börn eða fósturbörn; einkum fyrsta sorgarárið; — þó fer sú tímatakmörkun eftir því sem stjórn sjóðsins álltur að nauðsynlegt sje í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

Styrk þenna má aðeins veita heimilisföstum mönnum í Fróðárhreppi og Ólafsvíkurreppi, án tillits til hvort þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki, þó þannig, að þeir ganga fyrir sem búa í Fróðárhreppi að öðru jöfnu.

6. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn það stór, að hann gefur af sjer 1000 kr. í árlega vexti má einnig verja af vöxtum hans, alt að helming þess, sem nota má eftir 3. gr., til almennrar kristilegrar líknarstarfsemi, ef bráð nauðsyn ekki krefur það alt til hjálpar eftir 3. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum þrem mönnum: sóknarprestinum í Nesþingaprestakalli, hreppstjóra Fróðárhrepps og hreppstjóra Ólafsvíkurrepps, og skal sóknarpresturinn vera formaður stjórnarinnar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi umsjón hans, veitir styrk úr honum og semur reikning hans, er birta skal á prenti 5. hvert ár að minsta kosti.

9. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Ólafsvíkur og skal stjórnin annast um að hann sje ávalt geymdur á öruggum stað og aldrei ótryggari stað en þar.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Brimilsvöllum 5. júní 1921.

Vigðis Sigurðardóttir. Bjarni Sigurðsson.